

## AUGLÝSING

### um samning við Úkraínu um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana.

Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Úkraínu um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana, sem gerður var í New York 25. september 2013, öðlaðist gildi 1. desember 2015.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.*

F. h. r.  
**Martin Eyjólfsson.**

\_\_\_\_\_  
*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**SAMNINGUR**  
milli  
**ríkisstjórnar Úkraínu og ríkisstjórnar Íslands**  
**um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana.**

Ríkisstjórn Úkraínu og ríkisstjórn Íslands,  
hér á eftir nefndar „samningsaðilarnir“,

SEM HAGA AÐ MARKMIÐI að vinna enn frekar að vinsamlegum samskiptum milli samningsaðilanna og vilja, með því að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana, stuðla að því að menn myndi tengsl sín á milli sem er grunnforsenda þess að treysta stöðugt samband á sviði efnahags-, mannúðar- og menningarmála, einnig á sviði vísinda og annarra málaflokka,

SEM HAGA Í HUGA hin nánú tengsl milli Evrópubandalagsins og Íslands, einkum í krafti samningsins frá 18. maí 1999 um aðkomu Íslands að framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,

MEÐ HLIÐSJÓN AF samningnum milli Úkraínu og Evrópubandalagsins um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana sem var undirritaður 18. júní 2007,

SEM VISA TIL sameiginlegrar yfirlýsingar, sem fylgir fyrrnefndum samningi, viðvíkjandi Íslandi og konungsríkinu Noregi,

SEM VILJA setja reglur um fyrirkomulag gagnkvæmra ferða úkraínkra og íslenskra ríkisborgara,

SEM HAGA Í HUGA að íslenskir ríkisborgarar eru undanþegnir kröfu um vegabréfsáritun þegar þeir ferðast til Úkraínu til dvalar í allt að 90 daga eða fara um yfirráðasvæði Úkraínu,

SEM VIÐURKENNA að ef Úkraína myndi innleiða á ný kröfuna um vegabréfsáritun gagnvart íslenskum ríkisborgurum, myndi sama fyrirgreiðsla og er veitt úkraínskum ríkisborgurum samkvæmt samningi þessum gilda sjálfkrafa um íslenska ríkisborgara á grundvelli gagnkvæmni,

SEM VIÐURKENNA að það að greiða fyrir vegabréfsáritunum ætti ekki að leiða til ólöglegs innflutnings fólks og sem gefa öryggismálum og endurviðtöku sérstakan gaum,

SEM VIÐURKENNA að fyrirkomulag ferða án vegabréfsáritunar fyrir úkraínska ríkisborgara er innleitt sem langtímasjónarmið,

SEM HAGA Í HUGA að Ísland hefur gert samninga við þriðju ríki um fyrirsvar þeirra í málefnum vegabréfsáritana fyrir atbeina sendiráða erlendis,

HAGA ORÐIÐ ÁSÁTTAR UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

*Tilgangur og gildissvið.*

1. Tilgangur samnings þessa er að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana fyrir úkraínkra ríkisborgara vegna fyrirhugaðrar dvalar í lengst 90 daga á 180 daga tímabili á íslensku yfirráðasvæði og yfirráðasvæði annarra aðildarríkja Schengen-samkomulagsins.
2. Ef Úkraína myndi innleiða á ný kröfuna um vegabréfsáritun gagnvart íslenskum ríkisborgurum, myndi sama fyrirgreiðsla og er veitt úkraínskum ríkisborgurum samkvæmt samningi þessum gilda sjálfkrafa um íslenska ríkisborgara á grundvelli gagnkvæmni.

## 2. gr.

*Almennt ákvæði.*

1. Sú aðgerð að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana, sem kveðið er á um í samningi þessum, gildir einvörðungu gagnvart úkraínskum ríkisborgurum svo fremi þeir séu ekki undanþegnir kröfunni um vegabréfsáritun samkvæmt íslenskum lögum og reglum, ákvæðum samnings þessa eða öðrum alþjóðasamningum.
2. Landslög Úkraínu eða Íslands gilda um málefni, sem ákvæði samnings þessa taka ekki til, t.d. synjun útgáfu vegabréfsáritunar, viðurkenningu ferðaskilríkja, sönnun þess að viðkomandi hafi nægan framfærslueyri og synjun um komu og ráðstafanir vegna brottvísunar.

## 3. gr.

*Skilgreiningar.*

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „úkraínskur ríkisborgari“ merkir mann sem hefur eða hefur öðlast úkraínskan ríkisborgararétt í samræmi við úkraínska löggjöf,
- b) „íslenskur ríkisborgari“ merkir mann sem hefur eða hefur öðlast íslenskan ríkisborgararétt í samræmi við íslenska löggjöf,
- c) „vegabréfsáritun“ merkir heimild eða ákvörðun sem Ísland veitir eða tekur og er nauðsynleg vegna: komu til fyrirhugaðrar dvalar á Íslandi eða í nokkrum aðildarríkjum að Schengen-samkomulaginu í alls 90 daga að hámarki,
  - komu til gegnumferðar um Ísland eða nokkur aðildarríki að Schengen-samkomulaginu,
- d) „maður sem hefur löglega búsetu“ merkir úkraínskan ríkisborgara sem hefur heimild eða rétt til þess að dvelja lengur en 90 daga á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt landslögum,
- e) „aðildarríki að Schengen-samkomulaginu“ merkir hvert það ríki sem beitir Schengen-gerðunum til fulls í skilningi samningsins frá 18. maí 1999 sem ráð Evrópusambandsins og konungsríkið Noregur og Ísland gerðu um aðkomu hinna síðarnefndu að framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

## 4. gr.

*Skjalfest sönnunargögn um tilgang ferðar.*

1. Fyrir eftirtalda hópa úkraínskra ríkisborgara nægja eftirtalin gögn til þess að sýna fram á tilgang ferðar til hins samningsaðilans:
  - a) fyrir menn í opinberum sendinefndum sem, að fengnu opinberu boði sem sent er Úkraínu, taka þátt í fundum, samráði, samningaviðræðum eða skiptiáætlunum, auk viðburða á vegum milliríkjastofnana á íslensku yfirráðasvæði:
    - bréf, sem úkraínskt yfirvald gefur út því til staðfestingar að umsækjandi eigi sæti í sendinefnd sem ferðist til íslensks yfirráðasvæðis í því skyni að taka þátt í fyrirnefndum viðburðum, ásamt afriti af hinu opinbera boði,
  - b) fyrir kaupskýslumenn og fulltrúa samtaka innan atvinnulífsins:
    - skrifleg beiðni frá gestgjafa sem er lögaðili eða félag, eða skrifstofa eða útibú fyrirnefnds lögaðila eða félags, yfirvald íslenska ríkisins eða sveitarfélaga á Íslandi eða undirbúningsnefndir vöru- og iðnsýninga, ráðstefna og málþinga sem fara fram á íslensku yfirráðasvæði,
  - c) fyrir öikumenn sem annast vöru- og farþegaflutninga milli landa, þ.e. milli yfirráðasvæða Úkraínu og aðildarríkja ESB, með ökutækjum sem eru skráð í Evrópusambandinu eða Úkraínu:
    - skrifleg beiðni frá landssambandi flutningafyrirtækja í Úkraínu, sem annast flutninga á vegum landa á milli, þar sem fram kemur tilgangur ferða, lengd þeirra og tíðni,
  - d) fyrir blaðamenn:
    - vottorð eða annað skjal sem fagfélag gefur út því til staðfestingar að viðkomandi hafi starfsréttindi sem blaðamaður og skjal sem vinnuveitandi viðkomandi gefur út því til staðfestingar að tilgangur ferðarinnar sé að sinna starfi blaðamanns,

- e) fyrir þá sem taka þátt í starfsemi á sviði vísinda, menningar og lista, þ.m.t. í skiptiáætlunum háskóla og öðrum skiptiáætlunum:
    - skrifleg beiðni frá stofnun sem er gestgjafi um þátttöku í fyrrnefndri starfsemi,
  - f) fyrir nemendur, háskólanema, háskólanema í framhaldsnámi og fylgdarkennara, sem ferðast í því skyni að stunda nám eða sækja sér starfsþjálfun, m.a. innan ramma skiptiáætlana og annars skólustarfs:
    - skrifleg beiðni eða innritunartvörf frá gestgjafa, þ.e. háskóla, sérskóla á háskólastigi eða skóla; nemendakort eða vottorð viðvíkjandi þeim námskeiðum sem viðkomandi hyggst sækja,
  - g) fyrir þátttakendur í alþjóðlegum íþróttakeppnum og fagfólk sem þeim fylgir:
    - skrifleg beiðni frá stofnun sem er gestgjafi: lögbærum yfirvöldum, innlendum íþróttasamböndum íslenskum og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands,
  - h) fyrir þátttakendur í opinberum skiptiáætlunum sem vinabæir standa að:
    - skrifleg beiðni hæstráðanda/bæjarstjóra fyrrnefndra bæja,
  - i) fyrir nákomna ættingja – maka, börn (einnig ættleidd), foreldra (einnig forráðamenn), afa og ömmur og barnabörn – sem heimsækja úkraínska ríkisborgara sem hafa löglega búsetu á íslensku yfirráðasvæði:
    - skrifleg beiðni frá þeim manni sem er gestgjafi,
  - j) fyrir ættingja sem koma í heimsókn vegna jarðarfara:
    - opinbert skjal sem staðfestir dauðsfall og staðfesting þess efnis að um fjölskyldutengsl eða önnur tengsl sé að ræða milli umsækjandans og þess látna,
  - k) fyrir heimsóknir til að vitja um hermannagrafreiti eða almenna grafreiti:
    - opinbert skjal sem staðfestir að viðkomandi gröf fyrirfinnist og sé varðveitt og hvaða fjölskyldutengsl eða önnur tengsl eru milli umsækjandans og þess sem þar hvílir,
  - l) þegar um ræðir ferðir af læknisfræðilegum ástæðum:
    - opinbert skjal frá viðkomandi sjúkrastofnun sem staðfestir þörfina á læknishjálp innan stofnunarinnar og sönnun þess að hlutaðeigandi hafi nægt fé til að greiða fyrir lækni meðferðina.
2. Í þeirri skriflegu beiðni er um getur í 1. mgr. þessarar greinar komi eftirfarandi fram:
- a) að því er varðar þann sem er boðið – eiginnafrn og kenninafrn, fæðingardagur og –ár, kyn, ríkisfang, númer persónuskilríkis, hvenær ferðin er farin og í hvaða tilgangi, hversu oft komið er til landsins og nöfn ölögráða barna sem fylgja þeim sem er boðið,
  - b) að því er varðar þann mann sem er gestgjafi: eiginnafrn, kenninafrn og heimilisfang,
  - c) að því er varðar gestgjafa sem er lögaðili, félag eða stofnun: fullt nafn og heimilisfang og
    - komi beiðnin frá stofnun, nafn og staða þess sem undirritar beiðnina,
    - sé gestgjafinn lögaðili eða félag eða skrifstofa eða útibú slíks lögaðila eða félags með staðfestu á íslensku yfirráðasvæði, skráningarnúmer hlutaðeigandi sem gerð er krafa um samkvæmt íslenskum lögum.
3. Að því er varðar þá hópa manna er um getur í 1. mgr. þessarar greinar eru allir flokkar vegabréfsáritana gefnir út samkvæmt hinni einfölduðu aðferð án þess að krafa sé gerð um frekari rökstuðning, heimboð eða staðfestingu á tilgangi ferðarinnar, eins og kveðið er á um í íslenskri löggjöf.

#### 5. gr.

##### *Útgáfa vegabréfsáritana fyrir fleiri en eina komu.*

1. Sendiráð og ræðisstofur Íslands, eða þeirra ríkja sem gefa út vegabréfsáritanir fyrir hönd Íslands, skulu gefa út vegabréfsáritanir fyrir fleiri en eina komu með allt að fimm ára gildistíma, fyrir eftirtalda hópa úkraínskra ríkisborgara:
  - a) þá sem sitja í ríkisstjórn og héraðsstjórnnum og á þingum Úkraínu og dómara við stjórnlagadómstól og hæstarétt Úkraínu, séu þeir ekki undanþegnir kröfunni um vegabréfsáritun samkvæmt ákvæðum samnings þessa, þegar þeir gegna skyldustörfum sínum og skal gildistími fyrrnefndra vegabréfsáritana takmarkast við skipunartíma þeirra sé hann skemmri en fimm ár,

- b) maka og börn (einnig ættleidd), sem eru yngri en 21 árs eða á framfæri viðkomandi, og foreldra (einnig forráðamenn) sem heimsækja úkraínska ríkisborgara sem hafa löglega búsetu á íslensku yfirráðasvæði og skal gildistími fyrrnefndra vegabréfsáritana takmarkast við gildistíma leyfis þeirra til löglegrar búsetu.
2. Sendiráð og ræðisstofur Íslands, eða þeirra ríkja sem gefa út vegabréfsáritanir fyrir hönd Íslands, skulu gefa út vegabréfsáritanir fyrir fleiri en eina komu með gildistíma í allt að eitt ár, fyrir eftirtalda hópa úkraínskra ríkisborgara, að því tilskildu að þeir hafi, á næstliðnu ári, fengið a.m.k. eina vegabréfsáritun, hafi nýtt sér hana í samræmi við íslensk lög um komu og dvöl og að ástæður séu fyrir því að beðið er um vegabréfsáritanir fyrir fleiri en eina komu:
- fastafulltrúa í opinberum sendinefndum sem, að fengnu opinberu boði sem sent er Úkraínu, taka með reglubundnum hætti þátt í fundum, samráði, samningaviðræðum eða skiptiáætlunum, auk viðburða á vegum milliríkjastofnana á íslensku yfirráðasvæði,
  - kaupsýslumenn og fulltrúa samtaka innan atvinnulífsins sem ferðast reglulega til Íslands,
  - ökumenn sem annast vöru- og farþegaflutninga milli landa, þ.e. milli yfirráðasvæða Úkraínu og aðildarríkja ESB, með ökutækjum sem eru skráð í Evrópusambandinu eða Úkraínu,
  - blaðamenn,
  - þá sem taka þátt í starfsemi á sviði vísinda, menningar og lista, þ.m.t. í skiptiáætlunum háskóla og öðrum skiptiáætlunum, og ferðast reglulega til Íslands,
  - háskólanema og háskólanema í framhaldsnámi, sem ferðast reglulega í því skyni að stunda nám eða sækja sér starfsþjálfun, m.a. innan ramma skiptiáætlana,
  - þátttakendur í alþjóðlegum íþróttakeppnum og fagfólk sem þeim fylgir,
  - þátttakendur í opinberum skiptiáætlunum sem vinabærir standa að.
3. Sendiráð og ræðisstofur Íslands skulu gefa út vegabréfsáritanir, sem gilda fyrir fleiri en eina komu, með gildistíma í a.m.k. tvö ár en lengst í fimm ár, fyrir þá hópa úkraínskra ríkisborgara er um getur í 2. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að þeir hafi, á næstliðnum tveimur árum, nýtt sér vegabréfsáritanir fyrir fleiri en eina komu með gildistíma í eitt ár, í samræmi við íslensk lög um komu og dvöl og að ástæður fyrir því að beðið er um vegabréfsáritun fyrir fleiri en eina komu séu enn góðar og gildar.
4. Samanlagður dvalartími manna, er um getur 1.-3. mgr. þessarar greinar, skal ekki vera lengri en 90 dagar á 180 daga tímabili á íslensku yfirráðasvæði og sérhvers annars aðildarríkis að Schengen-samkomulaginu.

#### 6. gr.

##### *Gjöld fyrir afgreiðslu vegabréfsáritana.*

- Gjald fyrir afgreiðslu vegabréfsáritunar fyrir úkraínska ríkisborgara nema 35 evrum. Heimilt er að endurskoða fyrrnefnda fjárhæð samkvæmt því verklagi sem kveðið er á um í 4. mgr. 13. gr. Ef Úkraína skyldi innleiða á ný kröfuna um vegabréfsáritun fyrir íslenska ríkisborgara skal gjaldið fyrir vegabréfsáritunina, sem Úkraína fer fram á, ekki vera hærra en 35 evrur eða sú fjárhæð sem samið er um sé gjaldið er endurskoðað samkvæmt því verklagi sem kveðið er á um í 4. mgr. 13. gr.
- Samningsaðilarnir skulu taka gjald, sem nemur 70 evrum, fyrir að afgreiða vegabréfsáritun, hafi umsækjandi um hana sent umsókn sína, ásamt fylgiskjölum, innan þriggja daga fyrir fyrirhugaðan brottfarardag. Þetta ákvæði gildir ekki um tilvik skv. b-, e- og f-lið 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr.
- Gjöld fyrir afgreiðslu vegabréfsáritana falli niður fyrir eftirtalda hópa:
  - nákomna ættingja - maka, börn (einnig ættleidd), sem eru yngri en 21 árs eða á framfæri, foreldra (einnig forráðamenn), afa, ömmur og barnabörn - úkraínskra ríkisborgara sem hafa löglega búsetu á íslensku yfirráðasvæði,
  - menn í opinberum sendinefndum sem, að fengnu opinberu boði sem beint er til Úkraínu, taka þátt í fundum, samráði, samningaviðræðum eða skiptiáætlunum, auk viðburða á vegum milliríkjastofnana á íslensku yfirráðasvæði:
  - þá sem sitja í ríkisstjórn og héraðsstjórnnum og á þingum Úkraínu og dómara við stjórnlagadómstól og hæstarétt Úkraínu, séu þeir ekki undanþegnir kröfunni um vegabréfsáritun samkvæmt ákvæðum samnings þessa,

- d) nemendur, háskólanema, háskólanema í framhaldsnámi og fylgdarkennara, sem ferðast í því skyni að stunda nám eða sækja sér starfsþjálfun,
- e) fatlað fólk og fylgdarmenn þess, ef nauðsyn krefur,
- f) þá sem hafa lagt fram skjöl sem færa sönnur á nauðsyn ferðar þeirra af mannúðarástæðum, meðal annars til þess að fá brýna lækni meðferð, og þá sem fylgja þeim, eða þá sem fylgja nánnum ættingja til grafar eða heimsækja náinn ættingja sem er alvarlega veikur,
- g) þátttakendur í alþjóðlegum íþróttakeppnum og fylgdarmenn þeirra,
- h) þá sem taka þátt í starfsemi á sviði vísinda, menningar og lista, þ.m.t. í skiptiáætlunum háskóla og öðrum skiptiáætlunum,
- i) þátttakendur í opinberum skiptiáætlunum sem vinabærir standa að,
- j) blaðamenn,
- k) lífeyrisþega.

## 7. gr.

*Afgreiðslutími vegabréfsáritana.*

1. Sendiráð og ræðisstofur Íslands, eða þeirra ríkja sem gefa út vegabréfsáritanir fyrir hönd Íslands, skulu taka ákvörðun um beiðni um útgáfu vegabréfsáritunar innan 10 almanaksdaga frá viðtökudegi umsóknar og skjala sem er krafist vegna útgáfu vegabréfsáritunarinnar.
2. Í einstaka tilvikum er heimilt að lengja afgreiðslutíma umsóknar um vegabréfsáritun í allt að 30 almanaksdaga, einkum þegar frekari athugunar á umsókn er þörf.
3. Í bráðatilvikum er heimilt að stytta afgreiðslutíma umsóknar um vegabréfsáritun í tvo virka daga eða minna.

## 8. gr.

*Brottför þegar skilríki hafa týnst eða þeim hefur verið stolið.*

Íslenskum og úkraínskum ríkisborgurum, sem hafa týnt persónuskilríkjum sínum eða sem slíkum skilríkjum hefur verið stolið frá meðan á dvöl þeirra á úkraínsku eða íslensku yfirráðasvæði stóð, er heimilt að yfirgefa það yfirráðasvæði með því að framvísa gildum persónuskilríkjum sem veita rétt til þess að fara yfir viðkomandi landamæri og sendiráð eða ræðisstofur Íslands eða Úkraínu gefa út án nokkurrar meðfylgjandi vegabréfsáritunar eða annarrar heimildar.

## 9. gr.

*Framlenging vegabréfsáritunar í undantekningartilvikum.*

Framlengja ber gildistíma vegabréfsáritana úkraínskra ríkisborgara, sem eiga þess ekki kost að yfirgefa íslenskt yfirráðasvæði fyrir þann tíma sem er tilgreindur í vegabréfsáritunum þeirra vegna óviðráðanlegra atvika, þeim að kostnaðarlausu, í samræmi við þá löggjöf sem Ísland beitir, til eins langs tíma og nauðsyn ber uns þeir geta snúið aftur til þess ríkis þar sem þeir hafa búsetu.

## 10. gr.

*Diplómatísk vegabréf.*

1. Úkraínskum ríkisborgurum, sem eru handhafar gildra diplómatískra vegabréfa, er heimilt að koma inn á íslenskt yfirráðasvæði, fara þaðan eða fara þar í gegn án vegabréfsáritana.
2. Samanlagður dvalartími ríkisborgara, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal ekki vera lengri en 90 dagar á 180 daga tímabili á íslensku yfirráðasvæði eða yfirráðasvæði annarra aðildarríkja að Schengen-samkomulaginu.

## 11. gr.

*Jafn réttur til ferðalaga.*

Úkraínskum ríkisborgurum skal heimilt að ferðast innan íslensks yfirráðasvæðis til jafns við íslenska ríkisborgara, með fyrirvara um innlend ákvæði og reglugerðir um þjóðaröryggi Íslands.

## 12. gr.

*Samráð.*

Efnt skal til samráðs, þegar og ávallt er nauðsyn krefur, að beiðni annars samningsaðilans, í því skyni að fjalla um beitingu og framkvæmd samnings þessa og að leggja til breytingar á honum sé það talið nauðsynlegt, einkum í ljósi breytinga á samningnum milli Úkraínu og Evrópubandalagsins um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana.

## 13. gr.

*Lokaákvæði.*

1. Samningsaðilarnir skulu fullgilda eða samþykkja samning þennan í samræmi við málsmeðferð hvors um sig og skal hann öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir þann dag þegar samningsaðilarnir tilkynna hvor öðrum að málsmeðferð þeirri er um getur hér að framan sé lokið.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar öðlast samningur þessi fyrst gildi þann dag þegar samningur milli Íslands og Úkraínu um endurviðtöku manna öðlast gildi, gerist það eftir þann dag er um getur í 1. mgr. samnings þessa.
3. Samningur þessi er gerður til óákveðins tíma nema honum sé sagt upp í samræmi við ákvæði 6. mgr. þessarar greinar.
4. Heimilt er að breyta samningi þessum með skriflegu samkomulagi samningsaðilanna. Hvor samningsaðili um sig skal tilkynna hinum um það þegar málsmeðferðinni, sem krafist er samkvæmt lögum hans til þess að breytingarnar öðlast gildi, er lokið. Samningurinn öðlast gildi þann dag er síðari tilkynningin er dagsett.
5. Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að nema samning þennan úr gildi tímabundið, í heild eða að hluta, af ástæðum er varða allsherjarreglu, vernd þjóðaröryggis eða vernd lýðheilsu. Ákvörðun um tímabundið afnám skal tilkynna hinum samningsaðilanum eigi síðar en 48 klukkustundum áður en hún öðlast gildi. Samningsaðili, sem hefur numið samning þennan tímabundið úr gildi, skal tilkynna hinum samningsaðilanum án tafar um það þegar ástæður fyrir fyrrnefndri tímabundinni niðurfellingu gilda ekki lengur.
6. Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að segja samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til hins samningsaðilans. Samningur þessi fellur úr gildi 90 dögum eftir dagsetningu fyrrnefndrar tilkynningar.

Gjört í New York 25. september 2013 í tvíriti á úkraínsku, íslensku og ensku og eru allir textarnir jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

**Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands**

**Fyrir hönd ríkisstjórnar Úkraínu**

**Gunnar Bragi Sveinsson**  
utanríkisráðherra

**Leonid Kozhara**  
utanríkisráðherra

**AGREEMENT**

**between**

**the Government of Iceland and the Cabinet of Ministers of Ukraine**

**on the facilitation of the issuance of visas**

The Government of Iceland and the Cabinet of Ministers of Ukraine hereinafter referred to as "the Parties",

WITH A VIEW to further developing friendly relations between the Parties and desiring to facilitate people to people contacts as an important condition for a steady development of economic, humanitarian, cultural, scientific and other ties, by facilitating the issuing of visas to Ukrainian citizens,

CONSIDERING the close relationship between the European Community and Iceland, particularly by virtue of the Agreement of 18 May 1999 concerning the association of Iceland with the implementation, application and development of the Schengen acquis;

HAVING REGARD TO the Agreement between Ukraine and the European Community on the facilitation of the issuance of visas signed on 18 June 2007;

REFERRING TO the Joint Declaration to that Agreement concerning Iceland and the Kingdom of Norway;

DESIRING to regulate the regime of mutual travel of citizens of Ukraine and Iceland,

BEARING IN MIND that citizens of Iceland are exempted from the visa requirement when travelling to Ukraine for a period of time not exceeding 90 days or transiting through the territory of Ukraine,

RECOGNISING that if Ukraine would reintroduce the visa requirement for Icelandic citizens, the same facilitations granted under this agreement to the Ukrainian citizens would automatically, on the basis of reciprocity, apply to citizens of Iceland,

RECOGNISING that visa facilitation should not lead to illegal migration and paying special attention to security and readmission,

RECOGNISING the introduction of a visa free travel regime for the citizens of Ukraine as a long term perspective,

BEARING IN MIND that Iceland has made agreements with third states regarding their representation in visa matters through diplomatic missions abroad.

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

*Purpose and scope of application*

1. The purpose of this Agreement is to facilitate the issuance of visas to the citizens of Ukraine for an intended stay of no more than 90 days per period of 180 days in the territory of Iceland and any other Schengen Member State.
2. If Ukraine would reintroduce the visa requirement for citizens of Iceland the same facilitations granted under this agreement to the Ukrainian citizens would automatically, on the basis of reciprocity, apply to citizens of Iceland concerned.



## Article 2

*General clause*

1. The visa facilitations provided in this Agreement shall apply to citizens of Ukraine only insofar as they are not exempted from the visa requirement by the laws and regulations of Iceland, the present agreement or other international agreements.
2. The national law of Ukraine or of Iceland shall apply to issues not covered by the provisions of this Agreement, such as the refusal to issue a visa, recognition of travel documents, proof of sufficient means of subsistence and the refusal of entry and expulsion measures.

## Article 3

*Definitions*

For the purpose of this Agreement:

- a) "citizen of Ukraine" shall mean a person who possesses or has acquired citizenship of Ukraine in accordance with its national legislation;
- b) "citizen of Iceland" shall mean a person who possesses or has acquired citizenship of Iceland in accordance with its national legislation;
- c) "visa" shall mean an authorization issued or a decision taken by Iceland which is required with a view to:
  - entry for an intended stay in Iceland or in several Schengen Member States of no more than 90 days in total;
  - entry for transit through Iceland or several Schengen Member States;
- d) "legally residing person" shall mean a citizen of Ukraine authorised or entitled to stay for more than 90 days in the territory of Iceland, on the basis of national legislation.
- e) "Schengen Member State" shall mean any state applying the Schengen acquis in full within the meaning of the Agreement of 18 May 1999 concluded by the Council of the European Union, and the Kingdom of Norway and Iceland concerning their Association with the implementation, application and development of the Schengen acquis.

## Article 4

*Documentary evidence regarding the purpose of the journey*

1. For the following categories of citizens of Ukraine, the following documents are sufficient for justifying the purpose of the journey to the other Party:
  - a) for members of official delegations who, following an official invitation addressed to Ukraine, shall participate in meetings, consultations, negotiations or exchange programmes, as well as in events held in the territory of Iceland by intergovernmental organisations:
    - a letter issued by an Ukrainian authority confirming that the applicant is a member of its delegation travelling to the territory of Iceland to participate at the aforementioned events, accompanied by a copy of the official invitation;
  - b) for business people and representatives of business organisations:
    - a written request from a host legal person or company, or an office or a branch of such legal person or company, State and local authorities of Iceland or organising committees of trade and industrial exhibitions, conferences and symposia held in the territory of Iceland;
  - c) for drivers conducting international cargo and passenger transportation services between the territories of Ukraine and the EU Member States in vehicles registered in the European Union or in Ukraine:
    - written request from the national association of carriers of Ukraine providing for international road transportation, stating the purpose, duration and frequency of the trips;
  - d) for journalists:
    - a certificate or other document issued by a professional organisation proving that the person concerned is a qualified journalist and a document issued by his/her employer stating that the purpose of the journey is to carry out journalistic work;

- e) for persons participating in scientific, cultural and artistic activities, including university and other exchange programmes:
    - a written request from the host organisation to participate in those activities;
  - f) for pupils, students, post-graduate students and accompanying teachers who undertake trips for the purposes of study or educational training, including in the framework of exchange programmes as well as other school related activities:
    - a written request or a certificate of enrolment from the host university, college or school, pupil or student cards or certificates of the courses to be attended;
  - g) for participants in international sports events and persons accompanying them in a professional capacity:
    - a written request from the host organisation: competent authorities, national sport Federations and National Olympic Committee of Iceland;
  - h) for participants in official exchange programmes organised by twin cities:
    - a written request of the Head of Administration/Mayor of these cities;
  - i) for close relatives — spouse, children (including adopted), parents (including custodians), grandparents and grandchildren — visiting citizens of Ukraine legally residing in the territory of Iceland:
    - a written request from the host person;
  - j) for relatives visiting for burial ceremonies:
    - an official document confirming the fact of death as well as confirmation of the family or other relationship between the applicant and the buried;
  - k) for visiting military and civil burial grounds:
    - an official document confirming the existence and preservation of the grave as well as family or other relationship between the applicant and the buried;
  - l) for visiting for medical reasons:
    - an official document of the medical institution confirming necessity of medical care in this institution and proof of sufficient financial means to pay the medical treatment.
2. The written request mentioned in paragraph 1 of this Article shall contain the following items:
- a) for the invited person: name and surname, date of birth, sex, citizenship, number of the identity document, time and purpose of the journey, number of entries and name of minor children accompanying the invited person;
  - b) for the inviting person: name and surname and address;
  - c) for the inviting legal person, company or organisation: full name and address and
    - if the request is issued by an organisation, the name and position of the person who signs the request;
    - if the inviting person is a legal person or company or an office or a branch of such legal person or company established in the territory of Iceland, the registration number as required by the national law of Iceland.
3. For the categories of persons mentioned in paragraph 1 of this article, all categories of visas are issued according to the simplified procedure without requiring any other justification, invitation or validation concerning the purpose of the journey, provided for by the legislation of Iceland.

## Article 5

### *Issuance of multiple-entry visas*

1. Diplomatic missions and consular posts of Iceland or of those states issuing visas on behalf of Iceland shall issue multiple-entry visas with the term of validity of up to five years to the following categories of the citizens of Ukraine:
- a) members of national and regional Governments and Parliaments, Constitutional and Supreme Courts of Ukraine if they are not exempted from the visa requirement by the present Agreement, in the exercise of their duties, with a term of validity limited to their term of office if this is less than 5 years;
  - b) spouses and children (including adopted), who are under the age of 21 or are dependant, and parents (including custodians) visiting citizens of Ukraine legally residing in the territory of

- Iceland with the term of validity limited to the duration of the validity of their authorisation for legal residence.
2. Diplomatic missions and consular posts of Iceland or of those states issuing visas on behalf of Iceland shall issue multiple-entry visas with the term of validity of up to one year to the following categories of the citizens of Ukraine, provided that during the previous year they have obtained at least one visa, have made use of it in accordance with the laws on entry and stay of Iceland and that there are reasons for requesting a multiple-entry visa:
    - a) permanent members of official delegations who, following an official invitation addressed to Ukraine shall regularly participate in meetings, consultations, negotiations or exchange programmes, as well as in events held in the territory of Iceland by intergovernmental organizations;
    - b) business people and representatives of business organizations who regularly travel to Iceland;
    - c) drivers conducting international cargo and passenger transportation services between the territories of Ukraine and the EU Member States in vehicles registered in the European Union or Ukraine;
    - d) journalists;
    - e) persons participating in scientific, cultural and artistic activities, including university and other exchange programmes, who regularly travel to Iceland;
    - f) students and post-graduate students who regularly travel for the purposes of study or educational training, including in the framework of exchange programs;
    - g) participants in international sports events and persons accompanying them in a professional capacity;
    - h) participants in official exchange programmes organised by twin cities.
  3. Diplomatic missions and consular posts of Iceland or of those states issuing visas on behalf of Iceland shall issue multiple-entry visas with the term of validity of a minimum of two years and a maximum of five years to the categories of the citizens of Ukraine referred to in paragraph 2 of this Article, provided that during the previous two years they have made use of the one year multiple-entry visas in accordance with the laws on entry and stay of Iceland and that the reasons for requesting a multiple-entry visa are still valid.
  4. The total period of stay of persons referred to in paragraphs 1 to 3 of this Article shall not exceed 90 days per period of 180 days in the territory of Iceland and any other Schengen Member State.

#### Article 6

##### *Fees for processing visa applications*

1. The fee for processing visa applications of Ukrainian citizens shall amount to EUR 35. The aforementioned amount may be reviewed in accordance with the procedure provided for in Article 13(4).  
If Ukraine would reintroduce the visa requirement for citizens of Iceland, the visa fee to be charged by Ukraine shall not be higher than EUR 35 or the amount agreed if the fee is reviewed in accordance with the procedure provided for in Article 13(4).
2. The Parties shall charge a fee of EUR 70 for processing visas in cases where the visa application and the supporting documents have been submitted by the visa applicant within three days before his/her envisaged date of departure. This will not apply to cases pursuant to Article 6(3), (b), (e) and (f) and Article 7(3).
3. Fees for processing the visa application are waived for the following categories of persons:
  - a) for close relatives - spouses, children (including adopted), who are under the age of 21 or are dependent, parents (including custodians), grandparents and grandchildren - of citizens of Ukraine legally residing in the territory of Iceland;
  - b) for members of official delegations who, following an official invitation addressed to Ukraine, shall participate in meetings, consultations, negotiations or exchange programmes, as well as in events held in the territory of Iceland by intergovernmental organisations;
  - c) members of national and regional Governments and Parliaments, Constitutional and Supreme Courts, in case they are not exempted from the visa requirement by the present Agreement;

- d) pupils, students, post-graduate students and accompanying teachers who undertake trips for the purpose of study or educational training;
- e) disabled persons and the persons accompanying them, if necessary;
- f) persons who have presented documents proving the necessity of their travel on humanitarian grounds, including to receive urgent medical treatment and the person accompanying such person, or to attend a funeral of a close relative, or to visit a close relative seriously ill;
- g) participants in international sports events and persons accompanying them;
- h) persons participating in scientific, cultural and artistic activities including university and other exchange programmes;
- i) participants in official exchange programmes organised by twin cities;
- j) journalists;
- k) pensioners.

#### Article 7

##### *Length of procedures for processing visa applications*

1. Diplomatic missions and consular posts of Iceland or of those states issuing visas on behalf of Iceland shall take a decision on the request to issue a visa within 10 calendar days of the date of the receipt of the application and documents required for issuing the visa.
2. The period of time for taking a decision on a visa application may be extended up to 30 calendar days in individual cases, notably when further scrutiny of the application is needed.
3. The period of time for taking a decision on a visa application may be reduced to two working days or less in urgent cases.

#### Article 8

##### *Departure in case of lost or stolen documents*

Citizens of Iceland and of Ukraine who have lost their identity documents, or from whom these documents have been stolen while staying in the territory of Ukraine or Iceland, may leave that territory on the grounds of valid identity documents entitling to cross the border issued by diplomatic missions or consular posts of Iceland or of Ukraine without any visa or other authorisation.

#### Article 9

##### *Extension of visa in exceptional circumstances*

Citizens of Ukraine who do not have the possibility to leave the territory of Iceland by the time stated in their visas for reasons of force majeure shall have the term of their visas extended free of charge in accordance with the legislation applied by Iceland for the period required for their return to the State of their residence.

#### Article 10

##### *Diplomatic passports*

1. Citizens of Ukraine, holders of valid diplomatic passports can enter, leave and transit through the territory of Iceland without visas.
2. The total period of stay of citizens mentioned in paragraph 1 of this Article shall not exceed 90 days per period of 180 days in the territory of Iceland or other Schengen Member States.

#### Article 11

##### *Equal basis of travel*

Subject to the national rules and regulations concerning national security of Iceland, the citizens of Ukraine shall be entitled to travel within the territory of Iceland on equal basis with citizens of Iceland.

## Article 12

*Joint Consultations*

Joint consultations shall be held when and whenever necessary at the request of one of the Parties to discuss the application and implementation of this Agreement, and if deemed necessary, propose amendments to this Agreement, in particular in the light of changes to the Agreement between Ukraine and the European Community on the facilitation of issuance of visas.

## Article 13

*Final Clauses*

1. This Agreement shall be ratified or approved by the Parties in accordance with their respective procedures and shall enter into force on the first day of the second month following the date on which the Parties notify each other that the procedures referred to above have been completed.
2. By way of derogation to paragraph 1 of this Article, the present agreement shall only enter into force at the date of the entry into force of the Agreement between Iceland and Ukraine on readmission of persons if this date is after the date provided for in paragraph 1 of this Article.
3. This Agreement is concluded for an indefinite period of time, unless terminated in accordance with paragraph 6 of this Article.
4. This Agreement may be amended by written agreement of the Parties. Each of the Parties shall notify each other of the completion of the procedures required by its law for bringing the Amendments into force. The Amendments shall enter into force on the date of the latter notification.
5. Each Party may suspend in whole or in part this Agreement for reasons of public order, protection of national security or protection of public health. The decision on suspension shall be notified to the other Party not later than 48 hours before its entry into force. The Party that has suspended the application of this Agreement shall immediately inform the other Party once the reasons for the suspension no longer apply.
6. Each Party may terminate this Agreement by giving written notice to the other Party. This Agreement shall cease to be in force 90 days after the date of such notification.

Done at New York on the 25<sup>th</sup> day of September in the year 2013 in duplicate in the Ukrainian and English languages, each of these texts being equally authentic. In case of any divergence of interpretation, the English text shall prevail.

**For the Government of Iceland**

**For the Cabinet of Ministers of Ukraine**

**Gunnar Bragi Sveinsson**  
**Minister for Foreign Affairs**

**Leonid Kozhara**  
**Minister for Foreign Affairs**